# 25. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
# Dagsetning: 25.6.2024
# Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorteinsson framkvæmdastjóri

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Katrín Huld Káradóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Kársnes, þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags
2. Deiliskipulag við Breiðamýri og Grásteinsmýri í Garðabæ
3. Tillaga að forkynningu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2023, rammahluti Vífilstaðavatns
4. Umhverfismatsskýrsla Coda Terminal
5. Bréf til sveitarfélaga frá SHÍ vegna skipunar stýrihóps á vegum Umhverfis- og matvælaráðuneytis
6. Áhrif eldgos á Reykjanesi á loftgæði - viðbrögð HEF
7. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 29. maí 2024
8. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 5. júní 2024
9. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 12. júní 2024
10. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 19. júní 2024

1. Dagskrárliður: Kársnes, þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt lýsingu skipulagsverkefnis (skipulagslýsing) vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi. Skipulagssvæðið nær yfir þróunarsvæði ÞR-1, sem skilgreint er í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 ásamt aðliggjandi svæðum. Svæðið afmarkast af strandlínu Kársness til norðurs og vesturs og af núverandi íbúðarbyggð við Þinghólsbraut, Kársnesbraut og Huldubraut austurs og suðurs. Alls er skipulagssvæðið um 57,2 ha. Rammaskipulag fyrir vestanvert Kársnes snýr einkum að áframhaldandi þróun svæðisins með sérstakri áherslu á góðar samgöngutengingar m.a. fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningsrými.
Unnið hefur verið markvisst að því í Kópavogi að regnvatni verði veitt í settjarnir til að sía mengun úr ofanvatni frá götum áður en því er veitt í læki og að lokum í sjó. Lögð er áhersla á að áfram verði unnið að blágrænum ofanlausnum. Á Kársnesinu eru þekktir og óþekktir staðir þar sem sorp og úrgangur hefur verið urðaður. Heilbrigðiseftirlitið leggur áherslu á að svæðið verði kortlagt með tilliti til jarðvegsmengunar og fjallað verði um það í umhverfisskýrslu hvernig farið verði með þann jarðveg.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

*Heilibrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlitsins frá 19. júní sl. og áskilur sér rétt til að koma að frekari ábendingu á síðari stigum málsins.*

2. Dagskrárliður: Deiliskipulag við Breiðamýri og Grásteinsmýri í Garðabæ

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Breiðumýrar á Álftanesi, en tillagan nær til fjölbýlishúsa við Grásteinsmýri þar sem hámarksfjöldi íbúða er fjölgað um 18, eða í 102.
Markmið breytingana er að stuðla að meiri fjölbreytni í stærðum íbúða í Breiðumýri og auka framboð á minni íbúðum.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits dags. 13. júní sl. þar sem ekki eru gerðar athugsemdir við tillöguna.*

3. Dagskrárliður: Tillaga að forkynningu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2023, rammahluti Vífilstaðavatns

Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið til umsagnar tillögu til forkynningar að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2023, þ.e. rammahluti Vífilstaðalands. Um er að ræða í flestum tilfellum að verið sé að fjölga íbúðum ef frá er talið reitur 4.04 Hnoðraholt suður þar sem fjöldi íbúða fækkar lítillega.
Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en vekur athygli á mikilvægi þess að í deiliskipulagi komi fram skýrir skilmálar er varðar samvist ólíkrar starfsemi, þ.e. samspil atvinnu- og íbúðarhúsnæðis og tekið sé tillit til krafna sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og jafnframt sé hugað að þáttum eins og lyktarmengun og lýsingu, þ.e. reyklosun og skiltamál séu í samræmi við þarfir íbúa. Þar sem um er að ræða aukna nýtingu á svæðinu þá er mikilvægt að vel sé hugað að blágrænum ofanvatnslausnum og frárennslismálum. Til að minnka álag á fráveitukerfi sveitarfélagsins væri líka áhugavert að skoða umhverfisvænar lausnir til að taka við afrennsli hitaveitu, en vakin er athygli á að heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að afrennsli hitaveitu sé leitt í sérstakar fráveitulagnir.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits dags. 13. júní sl.*

4. Dagskrárliður: Umhverfismatsskýrsla Coda Terminal

Skipulagsstofnun leitar umsagnar umsagnaraðila um umhverfismatsskýrslu framkvæmda sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum á grundvelli 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í umsögn skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu.
Umhverfismatsskýrsla Coda Terminal er ítarleg greinargerð þar sem lagt er mat á áhrif framkvæmdarinnar á eftirfarandi umhverfisþætti loftslag, geymslugeyminn, grunnvatn, jarðmyndanir, vistgerðir, verndarsvæði og náttúruminjar, jarðskjálftavirkni vegna niðurdælingar, heilbrigði og öryggi, loftgæði, landslag og ásýnd, menningarminjar, efnahag og ferðaþjónustu.
*Heilbrigðisnefnd hefur yfirfarið umsögn heilbrigðiseftirlits þar sem gert er grein fyrir þeim þáttum sem heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að skoða og samþykkir greinargerðina sem send verður Skipulagsstofnun sem umsögn Verkefnið er áhættusamt og fjölmargir þættir sem hafa þarf í huga svo ekki verði óafturkræf áhrif framkvæmdarinnar á vistkerfi svæðisins. Til að lágmarka þessa áhættu er í skýrslunni ítarlega gert grein fyrir vöktunar- og rannsóknaráætlun í kafla 10 í skýrslunni þar sem m.a. er byggt á rannsóknum og rekstrarreynslu Carbfix á Hellisheiði, í Þrengslum á Nesjavöllum og í Helguvík, síðastliðinn áratug, auk þess sem vöktunaráætlunin byggir á áhættumati sem framkvæmt var fyrir Coda Terminal. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að gangi áform Coda Terminal eftir þá fær fyrirtækið nánast einkaafnot af mikilli auðlind, grunnvatnsflæðinu á svæðinu. Það kallar á mikla ábyrgð, ekki síst í að tryggja rannsóknir og varðveislu viðkvæms lífríkis.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**5. Dagskrárliður: Bréf til sveitarfélaga frá SHÍ vegna skipunar stýrihóps á vegum Umhverfis- og matvælaráðuneytis**

Lagt fram til kynningar bréf frá Stjórn heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) dags. 6. júní 2024 vegna skipunar stýrihóps á vegum Umhverfis-orku- og loftslagsráðuneytisins og Matvælaráðuneytisins til að undirbúa áformaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits. Með bréfinu vill SHÍ vekja athygli sveitarstjórnarfólks á fyrirliggjandi tillögum um breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits frá sveitarfélögum til ríkisins og áhrifum þess á sveitarfélögin, íbúa þeirra og atvinnulífið.

Í bréfinu gerir SHÍ alvarlegar athugasemdir við skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum og telur rökstuðning vanta fyrir niðurstöðu hópsins að heppilegast sé að flytja heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga til ríkisins. Skynsamlegra væri að virkja samræmingar hlutverk Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar sem skilgreint er í lögum og efla þær til að gegna því viðamikla hlutverki.

*Heilbrigðisnefnd tekur undir áhyggjur stjórnar SHÍ varðandi framtíð heilbrigðiseftirlits á Íslandi og vísar til bókunar nefndarinnar varðandi skýrslu stýrihóps um opinbert eftirlit dags. 3.10.2023 þar sem ítarlegur rökstuðningur var bókaður gegn þeirri niðurstöðu að ríkisvæða heilbrigðiseftirlit.*

**6. Dagskrárliður: Áhrif eldgos á Reykjanesi á loftgæði - viðbrögð HEF**

Heilbrigðiseftirlitssvæðin á höfuðborgarsvæðinu halda úti loftgæðamælum sem mæla loftgæði og birtast niðurstöður þeirra á heimasíðu eftirlitanna og eins hefur Umhverfisstofnun aðgang að þeim upplýsingum sem birtar eru á síðu stofnunarinnar, loftgaedi.is. Samkvæmt Viðbragðsáætlun HEF varðandi loftgæði stýra Almannavarnir för, þegar um náttúruhamfarir er að ræða.

Nokkur umræða hefur verið um að misvísandi skilaboð hafi birst í fjölmiðlum um áhrif gosefna á íbúa á höfuðborgarsvæðinu og túlkun á þeim niðurstöðum sem koma fram við mælingar. HEF ásamt Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fundaði með forsvarsmönnum Almannavarna á höfuðborgarsvæðinu og var þar samþykkt að framvegis verði samræmdar upplýsingar frá heilbrigðiseftirlitunum og nánari samstarf yrði við almannavarnir á höfuðborgarsvæðinu varðandi túlkun gagna. Heilbrigðiseftirlitin munu samræma sínar tilkynningar og senda forstöðumönnum sveitarfélaganna upplýsingar með samræmdum hætti.

*Heilbrigðisnefnd fagnar auknu samstarfi heilbrigðiseftirlitssvæðanna og leggur áherslu á að íbúar fái góðar og skýrar upplýsingar um þær hættur sem fylgja loftmengun, hvort sem um er að ræða bráðamengun frá eldgosum eða starfsemi sem getur verið hættuleg heilsu fólks.*

**7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 29. maí 2024**

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkta nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi .

**8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 5. júní 2024**

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkta nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi .

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 12. júní 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkta nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 19. júní 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkta nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi .

Undirskrift fundargerðar

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# 10. Afgreiðslufundur HEF

| | |
|---|---|
| **Dagsetning: 29.5.2024** | **Fundartími: 08:30 – 09:30** |
| **Boðaðir:** | Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir |
| Fundarstjóri: | Hörður Þorsteinsson |
| Ritari: | Dröfn Friðriksdóttir |

Dagskrá fundarins:

1. Suðurströnd, Seltjarnarnes - Veitingastaður - Starfsleyfi
2. Grandatröð 4, Hafnarfirði - umsögn, sala á framleiðslustað
3. Austurgata 30, Hafnarfirði - matsala 17. júní
4. Grandatröð 4, Hafnarfirði - leyfi til sölu áfengis - umsögn
5. Kauptún 6, Garðabæ - mötuneyti - starfsleyfi
6. Nýbýlavegur 10, Kópavogi - húðrof - starfsleyfi
7. Vallargerði 6 Kópavogi - Niðurrif - Skráningarskyld starfsemi
8. Vesturhraun 1 Garðabæ - Málm- og vélsmiðja - Skráningarskyld starfsemi
9. Skeiðarás 12 Garðabær - Meindýraþjónusta - skráningarskyld atvinnurekstur
10. Smiðsbúð 4 Garðabæ - Málmiðn - skráningarskyldur atvinnurekstur
11. Strandgata 90 Hafnarfirði - Ægir 220 ehf - umsögn-tækifærisleyfi
12. Vesturtún 49a, Garðabæ- matarvagn
13. Víðistaðaðatún Hafnarfirði - Víkingahátíð - Umsögn -tækifærisleyfi
14. Víðistaðatún Hafnarfirði - útihátíð - starfsleyfi
15. Suðurströnd Seltjarnarnesi - veitingastaður - starfsleyfi
16. I landi Ness 1, Seltjarnarnesi - umsögn - rekstrarleyfi - veitingaleyfi
17. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla
18. Suðurströnd,Seltjarnarnes - Veitingastaður

### 1. Suðurströnd, Seltjarnarnes - Veitingastaður - Starfsleyfi

Lögð fram umsókn Mario Robek f.h. Nordic Fusion kt.671222-0160 dags. 05.05.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Suðurströnd, Seltjarnarnesi.
Eftirlitsskýrsla dags.10.05.2024.
*Starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### 2. Grandatröð 4, Hafnarfirði - umsögn, sala á framleiðslustað

Lögð fram beiðni stjórnsýslusviðs Hafnarfjarðarbæjar þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlits á umsókn um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað, Grandatröð 4 í Hafnarfirði.
*Jákvæð umsögn staðfest.*



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**3. Austurgata 30, Hafnarfirði - matsala 17. júní**
Lögð fram umsókn Svavars G. Jónssonar f.h. Heima hjá þér slf. kt.711013-1800 þar sem sótt er um matsöluleyfi úr tjaldi á íbúðarhátíð sem haldin er við Austurgötu. Allur undirbúningur fer fram á veitingastaðnum Ban Kúnn.
Afgreiðsla mat verður í einnota umbúðum og aðgangur fyrir starfsfólk að Austurgötu 30.
*Heilbrigðiseftirlitið veitir leyfi til matsölu í tjaldi utan við Austurgötu 30.*

**4. Grandatröð 4, Hafnarfirði - leyfi til sölu áfengis - umsögn**
Lögð fram beiðni sýslumannsins á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað að Grandatröð 4, Hafnarfirði fasteignanr. 222-2948.
*Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn*

**5. Kauptún 6, Garðabæ - mötuneyti - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Torfa Gunnarssonar f.h. TK bílar ehf., kt. 580406-0680 dags. 22.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mötuneyti fyrirtækis að Kauptúni 6, Garðabæ. Fasteignanr. F227348, F205158 Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2024.
*Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**6. Nýbýlavegur 10, Kópavogi - húðrof - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Davíðs Arnar Ólafssonar f.h. Klukkan ehf., kt. 600418-0760 dags. 24.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir götun í eyrnarsnepla að Nýbýlavegi 10, Kópavogi. Fasteignanr. F2064399. Breyting á starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 29.05.2024.
*Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**7. Vallargerði 6 Kópavogi - Niðurrif - Skráningarskyld starfsemi**
Lögð fram umsókn Sigrúnar Eirar Sigurðardóttir f.h. Heinz byggingar ehf. kt. 520220-3050, dags. 24.05.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif mannvirkja að Vallargerði 6, Kópavogi. Fasteignanr. 2065775.
Eftirlitsskýrsla 29.05.2024.
*Með vísun til mengunarreglugerða er niðurrif heimilað til 8. júní 2024.*

**8. Vesturhraun 1 Garðabæ - Málm- og vélsmiðja - Skráningarskyld starfsemi**
Lögð fram umsókn Ólafs Jóns Ormssonar f.h. Vélsmiðju Orms og Víglundar, kt. 480998-2789, dags. 23.05.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir Málm- og Vélsmiðju að Vesturhrauni 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2287293.
Eigendaskipti.
*Með vísan til mengunarreglugerða er skráning staðfest.*

**9. Skeiðarás 12 Garðabær - Meindýraþjónusta - skráningarskyld atvinnurekstur**
Lögð er fram umsókn Arnars Þorsteinssonar f.h. Varnir og eftirlit ehf. kt. 660303-2430 dags. 22.05.2024. þar sem sótt er um skráningu fyrir Meindýraþjónustu að Skeiðarási 12 í Garðabæ. Fasteignanúmer: F2245789. Breytingar á húsnæði.
Eftirlitsskýrsla
*Með vísan til mengunarreglugerða er skráning staðfest.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**10. Smiðsbúð 4 Garðabæ - Málmiðn - skráningarskyldur atvinnurekstur**
Lögð er fram umsókn Atla B. Guðmundssonar f.h. Fagval ehf. kt. 511280-0449 dags. 21.05.2024 um skráningu fyrir málmiðn/verkstæði með blikksmíði að Smiðsbúð 4 í Garðabæ. Fasteignarnúmer: F2233154 Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags 29.05.2024.
*Með vísan til mengunarvarnarreglugerða er skráningu samþykkt.*

**11. Strandgata 90 Hafnarfirði - Ægir 220 ehf - umsögn-tækifærisleyfi**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.05.2024 f.h. Ægir 220 ehf., kt. 670723-0890 þar sem sótt er um tækifærisleyfi-Tímabundið áfengisleyfi fyrir samkomu þann 01.06.2024 frá kl. 19:00 - kl. 02:00 þann 02.06.2024. Áætlaður gestafjöldi er 250 manns.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**12. Vesturtún 49a, Garðabæ- matarvagn**
Lögð fram umsókn Hjalta Vignissonar f.h. Matur ehf., dags. 29.04.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir færanlegan matarvagn. Aðsetur fyrirtækisins er að Vesturtúni 49a Garðabæ.
Eftirlitsskýrsla dags. 14.05.2024.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára*

**13. Víðistaðaðatún Hafnarfirði - Víkingahátíð - Umsögn -tækifærisleyfi**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.04.2024 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir útihátíð þann 13.06.2024 frá kl. 11.00 til kl. 18.00 þann 18.06.2024 í tilefni af Víkingahátíð í Hafnarfirði.
*Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn.*

**14. Víðistaðatún Hafnarfirði - útihátíð - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Sölku Jóhannsdóttur f.h. Rimmugýgur áhugamannafélag kt. 700497-2409 dags. 25.04.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Víkingahátíð í Hafnarfirði dagana 11.06.2024 - 18.06.2024. Tímabundið starfsleyfi.
Minnisblað 28.05.2024.
*Með vísan til matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt 11.06.2024-18.06.2024.*

**15. Suðurströnd Seltjarnarnesi - veitingastaður - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Mario Robek f.h. Nesveitingar ehf., kt. 540219-1760 dags. 05.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Suðurströnd Seltjarnarnesi. Breyting á húsnæði
Eftirlitsskýrsla dags. 08.05.2024.
*Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**16. I landi Ness 1, Seltjarnarnesi - umsögn - rekstrarleyfi - veitingaleyfi**
Lögð fram umsögn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisins f.h. Mario Robek kt. 270497-3149 Nordic Fusion í landi Ness Seltjarnarnesi, dags. 06.05.2024 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Veitingaleyfi - A Veitingahús - í flokki II. Nordic Fusion.
Eftirlitsskýrsla dags. 10.05.2024.
*Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn.*



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**17. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla**
Lögð fram umsókn Craig's Douglas Clapcott, kt. 181279-2149, f.h. Craig's Coffee Company dags. 21.01.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.
Eftirlitsskýrsla 29.05.2024.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

**18. Suðurströnd, Seltjarnarnes - Veitingastaður**
Lögð fram umsókn Mario Robek f.h. Nordic Fusion ehf., kt. 671222-0160, dags. 05.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað við Suðurströnd, Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2068878. Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 08.05.2024.
*Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# 11. Afgreiðslufundur HEF

| | |
|---|---|
| **Dagsetning: 5.6.2024** | **Fundartími: 08:30 – 09:30** |
| **Boðaðir:** | Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir |
| **Fundarstjóri:** | Hörður Þorsteinsson |
| **Ritari:** | Dröfn Friðriksdóttir |

**Dagskrá fundarins:**

1. **Boðaþing 9 Kópavogi - hárgreiðslustofa - skráning**
2. **Línakur 2 Garðabæ - leikskóli - starfsleyfi**
3. **Sölutjöld á 17. júní í Kópavogi - Skammtímaleyfi**
4. **Óseyrarbraut 27B, Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi**
5. **Stapahraun 1 Hafnarfirði, bílamálun, réttingar - skráningarskylt**
6. **Hliðsvegur 1, Garðabær - umsögn - rekstrarleyfi**
7. **Bláfjallafólkvangur, Kópavogur - jarðboranir**

**1. Boðaþing 9 Kópavogi - hárgreiðslustofa - skráning**
Lögð fram umsókn Guðmundu G. Vilhjálmsdóttur kt. 180461-4349 f.h. Hárgreiðslustofan Boðaþingi dags. 03.06.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir hárgreiðslustofu að Boðaþingi 9 Kópavogi. Fasteignanr. F2299397. Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 04.06.2024
*Með vísan til hollustuháttareglugerðar er skráning staðfest.*

**2. Línakur 2 Garðabæ - leikskóli - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Guðrúnar V. Ásgeirsdóttur f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 04.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskólann Akrar að Línakur 2, Garðabæ. Fasteignanr. F2323740. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 5.12.2023
*Með vísun til matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**3. Sölutjöld á 17. júní í Kópavogi - Skammtímaleyfi**
Lögð er inn umsókn Ingibjargar Grétu Gísladóttur f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 um skammtímaleyfi fyrir sölutjöld á 17. júní hátíðahöldum að Rútstúni, í menningarhúsunum og í Versölum.
*Með vísan til matvæla- og hollustuháttareglugerða er skammtímaleyfi samþykkt.*

**4. Óseyrarbraut 27B, Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Bjarkar Bjarnadóttur f.h. SÓL restaurant kt. 490522-0260 dags. 27.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað í gróðurhúsi við Óseyrarbraut 27B, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2353574. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 05.06.2024Bréf sent byggingafulltrúa dags. 14.2.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 13. mars 2024.Sólgarður slf er tengt fyrirtæki í sama húsi (gróðurhúsið) og allar

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

teikningar sem fóru til byggingafulltrúa sýna veitingahúsið (eldhúsið og veitingasalinn). Tekið var tillit til veitingastaðarins í umsögn byggingafulltrúa um gróðurhús Sólgarða slf.
*Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**5. Stapahraun 1 Hafnarfirði, bílamálun, réttingar - skráningarskylt**
Lögð fram umsókn Helga Más Hreiðarssonar f.h. A+Bílamálun & Réttingar kt. 670324-0790, dags. 07.05.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðasprautun að Stapahrauni 1, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 28.5.2024.
*Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

**6. Hliðsvegur 1, Garðabær - umsögn - rekstrarleyfi**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.03.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Landnám ehf., kt.640295-2529 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II –D Gistiskáli – í fl. II að Hliðsvegi 1, Garðabæ, Fasteignanr. F2081525. Eftirlitsskýrsla dags.18.04.2024
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**7. Bláfjallafólkvangur, Kópavogur - jarðboranir**
Lögð fram umsókn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, kt. 681077-0819, dags. 20.01.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir borun rannsóknarborhola á Bláfjallasvæðinu, Kópavogi. Ný starfsemi. Um er að ræða 3 rannsóknarholur sem nýttar eru til að styrkja rennslislíkan grunnvatns fyrir höfuðborgarsvæðið. Umhverfisstofnun hefur samþykkt borstæðin með ákvæðum um lágmarksrask vegna slóða og borslóða.
*Samþykkt er starfsleyfi til rannsóknarboranna með hliðsjón af samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla nr. 555/2015 og samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftrlit frá dags. 3.6.2024 - 1.12.2024.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

# 12. Afgreiðslufundur HEF

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** 12.6.2024 | **Fundartími:** 08:30 – 09:30 |
| **Boðaðir:** | Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir |
| **Fundarstjóri:** | Hörður Þorsteinsson |
| **Ritari:** | Dröfn Friðriksdóttir |

**Dagskrá fundarins:**

1. **Óseyrarbraut 27B, Hafnarfirði - veitingastaður - umsögn - rekstrarleyfi**
2. **Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - umsögn - tækifærisleyfi**
3. **Víkurgata 11 Hafnarfirði - gasbirgðastöð - starfsleyfi**
4. **Urriðaholtsstræti 16, Garðabæ - hárgreiðslustofa - skráningarskyldur atvinnurekstur**
5. **Trönuhraun 9, Hafnarfirði - matvælaframleiðsla - starfsleyfi**
6. **Smiðjuvegur 50, Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur**
7. **Smiðjuvegur 2, Kópavogi - hárgreiðslustofa - skráningarskyldur atvinnurekstur**

**1. Óseyrarbraut 27B, Hafnarfirði - veitingastaður - umsögn - rekstrarleyfi**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.06.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn SÓL restaurant ehf., kt.490522-0260 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir Veitingaleyfi - A Veitingahús - Flokkur II. fyrir SÓL restaurant ehf að Óseyrarbraut 27B, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2526389.
Eftirlitsskýrsla dags. 05.06.2024.
*Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 05.06.2024.*

**2. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - umsögn - tækifærisleyfi**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.06.2024 f.h. Studio Emissary ehf., kt. 560216-1650 þar sem sótt er um tækifærisleyfi-Tímabundið áfengisleyfi fyrir samkomu þann 03.07.2024 frá kl. 17:00 - kl. 03:00 þann 07.07.2024 í Hlégarði Háholti 2 Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi er 500 manns.
*Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn*

**3. Víkurgata 11 Hafnarfirði - gasbirgðastöð - starfsleyfi**
Lögð er fram umsókn Guðmundar Björnssonar f.h. Gasfélagið ehf., kt. 6903962469 dags. 05.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gasbirgðastöð að Víkurgötu 11, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2230962. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 12.06.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**4. Urriðaholtsstræti 16, Garðabæ - hárgreiðslustofa - skráningarskyldur atvinnurekstur**
Lögð fram umsókn Melkorku Torfadóttur f.h. Soho hárstúdíó kt. 670524-0270 dags. 27.05.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir hárgreiðslustofu að Urriðaholtsstræti 16, Garðabæ. fasteignanr. F2501409. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 07.06.2024 Bréf sent byggingafulltrúa dags. 05.06.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 06.06.2024.
*Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.*

**5. Trönuhraun 9, Hafnarfirði - matvælaframleiðsla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Ágústs H. Tómassonar f.h. Dýranasl kt. 470524-1620 dags. 26.05.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir verkun og sölu á dýranammi að Trönuhrauni 9, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2080281. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 7.6.2024
*Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

**6. Smiðjuvegur 50, Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráningarskyldur atvinnurekstur**
Lögð fram umsókn Datek Datek f.h. Datek Iceland ehf., kt. 671296-2229 dags. 27.05.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir verkstæði að Smiðjuvegi 50, Kópavogi. Fasteignanr. F2065374. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 11.6.2024
*Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning staðfest.*

**7. Smiðjuvegur 2, Kópavogi - hárgreiðslustofa - skráningarskyldur atvinnurekstur**
Lögð fram umsókn Ewelina Elzbieta Engel f.h. Super Market ehf.,kt. 540923-2990 dags. 28.05.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir hárgreiðslustofu að Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2263521. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 10.06.2024Bréf sent byggingafulltrúa dags. 05.06.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 06.06.2024.
*Með vísan til ákvæða hollustuháttareglugerðar er skráning staðfest.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# 13. Afgreiðslufundur HEF

| | |
|---|---|
| **Dagsetning: 19.6.2024** | **Fundartími: 08:30 – 09:30** |
| **Boðaðir:** | Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir |
| **Fundarstjóri:** | Hörður Þorsteinsson |
| **Ritari:** | Dröfn Friðriksdóttir |

**Dagskrá fundarins:**

1. **Bugðufljót 15L Mosfellsbæ - bifreiðaverkstæði - skráning**
2. **Burknavellir 1B Hafnarfirði - daggæsla - starfsleyfi**
3. **Þverholt 1 Mosfellsbær - matarvagn - starfsleyfi**
4. **Smiðsbúð 8 Hafnarfirði - málmiðn -starfsleyfi**
5. **Kaplahraun 10 Hafnarfirði - bifreiðaréttingaverkstæði - skráning**

**1. Bugðufljót 15L Mosfellsbæ - bifreiðaverkstæði - skráning**
Lögð er fram umsókn Izabela Grajewska f.h. Amizu ehf., kt. 691123-0810 dags. 10.06.2024. þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði og bílaleigu að Bugðufljóti 15L Mosfellsbæ. Fasteignanúmer: F2523839. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 12.06.2024.Bréf sent byggingafulltrúa dags. 12.06.2024. Jákvætt svar 12.06.2024.
*Með vísan til mengunarreglugerða er skráning staðfest.*

**2. Burknavellir 1B Hafnarfirði - daggæsla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Öldu Karenar Rúnarsdóttur kt. 030792-2549 dags. 10.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu ,6-10 börn, að Burknavöllum 1B, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2262468. Breyting á starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 18.06.2024.
*Með vísan til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

**3. Þverholt 1 Mosfellsbær - matarvagn - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Jóns Friðriks Þorgrímssonar f.h. Halal ehf., kt. 490911-1540 dags. 07.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matarvagn á vegum fyrirtækisins að Þverholti 1, Mosfellsbæ.
Eftirlitsskýrsla dags. 11.06.2024.
*Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

**4. Smiðsbúð 8 Hafnarfirði - málmiðn -starfsleyfi**
Lögð er fram umsókn Atla B. Guðmundssonar f.h. Faglitun ehf. kt. 490112-0490 dags. 05.06.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dufthúðun málma að Smiðsbúð 8, Garðabæ. Fasteignanr. F2072279. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags 14.06.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*



Skjal sótt af '0000000' dags: 19.08 2026

**5. Kaplahraun 10 Hafnarfirði - bifreiðaréttingaverkstæði - skráning**
Lögð fram umsókn Kristjáns Þorsteinssonar f.h. Smart réttingar ehf., kt. 440505-0660 dags. 04.06.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaréttingaverkstæði að Kaplahrauni 10, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2291781. Endurnýjun.
Eftirlitskýrsla dags. 16.01.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026